

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

Viðhorf til borgarstjóra
Mars 2010

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík
Markmið	Að meta ánægju með störf borgarstjóra
Framkvæmdartími	4. til 17. mars 2010
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	891 manns í Reykjavík, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup
Verknúmer	4019843

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak	891
Svara ekki	351
Fjöldi svarenda	540
Svarhlutfall	60,6%

Greiningarbreytur

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Fimm flokkar
Fjölskyldutekjur	Tekjur allra á heimilinu fyrir skatta, fimm flokkar
Menntun	Þrjú flokkar

Vigtun

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegi þýði nákvæmlega með tilliti til kyns og aldurs. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitöflum.

Hlutfall svarenda fyrir vigtun:**Kyn:**

Karlar	53,1%
Konur	46,9%

Hlutfall í þýði/hlutfall svarenda eftir vigtun:**Kyn:**

Karlar	49,6%
Konur	50,4%

Aldur:

18-24 ára	15,4%
25-34 ára	21,1%
35-44 ára	20,7%
45-54 ára	18,1%
55 ára eða eldri	24,6%

Aldur:

18-24 ára	13,8%
25-34 ára	20,7%
35-44 ára	18,1%
45-54 ára	18,7%
55 ára eða eldri	28,7%

Reykjavík, 23. mars 2010

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,



Páll Ásgeir Guðmundsson
Sigríður Herdís Bjarkadóttir
Matthías Þorvaldsson

Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.

Ertu þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra?

Mars 2010

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög ánægð(ur) (4)	63	16,5	3,7
Frekar ánægð(ur) (3)	188	49,0	5,0
Frekar óánægð(ur) (2)	96	25,1	4,3
Mjög óánægð(ur) (1)	36	9,4	2,9
Ánægð(ur)		65,5	4,8
Óánægð(ur)		34,5	4,8
Fjöldi svara	383	100,0	
Tóku afstöðu	383	70,9	
Tóku ekki afstöðu	157	29,1	
		70,9%	29,1%
Fjöldi svarenda	540	100,0	
Meðaltal (1-4)		2,7	
Vikmörk ±		0,1	



Greiningar

	Fjöldi svara	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Meðaltal (1-4)
Kyn						
Karlar	215	19%	40%	28%	13%	2,7
Konur	168	13%	61%	22%	5%	2,8
Aldur *						
18-24 ára	39	33%	32%	33%	2%	3,0
25-34 ára	66	9%	48%	26%	18%	2,5
35-44 ára	74	9%	62%	22%	7%	2,7
45-54 ára	78	18%	53%	19%	10%	2,8
55 ára eða eldri	125	19%	45%	28%	8%	2,7
Búseta *						
Mið- og Vesturbær	81	23%	44%	27%	7%	2,8
Hlíðar, Laugard., Háaleiti	150	14%	47%	25%	14%	2,6
Árbær og Grafarholt	47	26%	51%	19%	4%	3,0
Breiðholt	56	10%	63%	24%	3%	2,8
Grafarvogur og Kjalarnes	49	12%	45%	31%	12%	2,6
Fjölskyldutekjur						
Lægri en 250 þúsund	32	20%	36%	33%	11%	2,7
250 til 399 þúsund	59	12%	33%	41%	14%	2,4
400 til 549 þúsund	56	13%	59%	18%	10%	2,8
550 til 799 þúsund	79	18%	42%	31%	9%	2,7
800 þúsund eða hærri	76	17%	53%	23%	7%	2,8
Menntun						
Grunnskólapróf	83	11%	46%	38%	5%	2,6
Framhaldsskólapróf	115	23%	45%	23%	9%	2,8
Háskólapróf	181	15%	53%	20%	12%	2,7

* Marktækur munur á meðaltölum hópa

Grænar tölur eru hærri en efri vikmörk fyrir heildina

Rauðar tölur eru lægri en neðri vikmörk fyrir heildina

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög miklu máli (5)	217	27,6	3,1
Frekar miklu máli (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar litlu máli (2)	61	7,8	1,9
Mjög litlu máli (1)	19	2,4	1,1
Miklu máli		72,9	3,1
Hvorki né		16,9	2,6
Litlu máli		10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	99,0	
Tóku ekki afstöðu	8	1,0	
Fjöldi svarenda	794	100,0	
Meðaltal	3,9		
Vikmörk ±	0,1		

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: $[Mjög\ miklu\ máli\ (fj.\ x\ 5) + Frekar\ miklu\ máli\ (fj.\ x\ 4) + hvorki\ né\ (fj.\ x\ 3) + Frekar\ litlu\ máli\ (fj.\ x\ 2) + mjög\ litlu\ máli\ (fj.\ x\ 1)] / Heildarfjöldi\ svara$.
Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.


Staðalfrávik er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda viðspurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.

Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er efst á hverri blaðsíðu og nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svörþátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt tæp 28% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og ríflega 45% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það naumlega 73%.

Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T. d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta frekar miklu máli en mjög miklu máli.



Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir kyni en hins vegar er munur eftir aldri þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um þá sem eldri eru meira máli en þá sem yngri eru.

Greiningar

	Fjöldi	Mjög miklu	Frekar miklu	Í meðal-lagi	Frekar litlu	Mjög litlu	Meðaltal
Kyn							
Karlar	396	28,8%	43,7%	17,2%	7,1%	3,3%	3,9
Konur	390	26,4%	46,9%	16,7%	8,5%	1,5%	3,9
Aldur *							
16-24 ára	166	22,1%	44,8%	16,3%	12,8%	4,0%	3,7
25-34 ára	159	22,6%	42,8%	16,4%	13,8%	4,4%	3,7
35-44 ára	164	25,0%	42,1%	24,4%	7,3%	1,2%	3,8
45-54 ára	136	30,1%	47,8%	15,4%	5,1%	1,5%	4,0
55-75 ára	161	32,3%	48,4%	11,8%	4,3%	3,1%	4,0

* Marktækur munur á meðaltölum hópa

Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölfraeðiprófs er ekki tölfraeðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölfraeðilegrar marktæktar fæst í því hvort hægt sé að alhæfa mun í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölfraeðipróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölfraeðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópunum sem athugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktarpróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölfraeðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölfraeðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.